FRAMHALDSSKÓLINN Í
VESTMANNAEYJUM

# FÉL 103

**Próftími 90 mínútur**

**Nafn :** ________________________________ **Kennit:** ________________

**Kennari:**

**Hjálpargögn: Skriffæri**
**Til athugunar:**

Prófið er **7** síður auk forsíðu og skiptist í þrjá hluta.
Krossaspurningar 3**0%**
Almennar spurningar og atriði úr texta **40%**
Valspurningar **30%**

**Heildarvægi prófs í lokaeinkunn 60%**



Gangi þér vel.

Krossaspurningar (30%). Aðeins á að krossa við eitt atriði.

1. **Sá sem hefur verið kallaður faðir félagsfræðinnar heitir:**
   - ☐ August Comte
   - ☐ Karl Marx
   - ☐ Platon
   - ☐ Aristóteles
   - ☐ Emil Durkheim
2. **Það að reyna að hafa áhrif á hegðun manns með "manndrápsaugnaráði" flokkast sem...**
   - ☐ efnislegt ofbeldi
   - ☐ líkamlegt ofbeldi
   - ☐ andlegt ofbeldi
   - ☐ óbeint ofbeldi
3. **Í samfélagi myndar það fólk *stétt*, sem hefur...**
   - ☐ svipaða trú
   - ☐ sömu áhugamál
   - ☐ svipaða eða sömu félagsstöðu/stöðu á vinnumarkaði
   - ☐ svipaða eða sömu afstöðu til ríkisvalds og stjórnmálaflokka
4. **Hvert, ef eitthvert, eftirtalinna *festa* hefur minni þýðingu í iðnvæddum en óiðnvæddum samfélögum?**
   - ☐ hagkerfið
   - ☐ skólakerfið
   - ☐ fjölskyldan
   - ☐ ekkert ofangreint
5. **Hugmyndin að baki skattakerfinu er að..**
   - ☐ Fólk með stórar fjölskyldur fái aukinn skattaafslátt
   - ☐ Allir í samfélaginu borgi jafn mikið til ríkisins
   - ☐ Þeir sem hafi mestar tekjur borgi mest til samfélagsins
   - ☐ Atvinnurekendur geti tekið skatt af launafólki

**6. Svonefnd *<u>þróunaraðstoð</u>* er stundum greind í þrennt...**

- ☐ matvæla-, fata- og peningasendingar
- ☐ flóttamannahjálp, neyðarhjálp og langtímaaðstoð
- ☐ ráðgjöf, matvælasendingar og gröft vatnsbrunna
- ☐ þróun fiskveiða, veiðarfæra og fiskvinnslu

**7. Óskráðar reglur skólans kallast öðru nafni:**

- ☐ Formleg viðmið
- ☐ Dulin fráviksshegðun
- ☐ Dulda námskráin
- ☐ Aukanámskráin

**8. Hver eftirtalinna trúarbragða eiga sér fæsta fylgjendur?**

- ☐ Hindúatrú
- ☐ Búddhatrú
- ☐ Gyðingatrú
- ☐ Múhameðstrú eða Islam

**9. Stærstu eða fjölmennustu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi eru...**

- ☐ SA
- ☐ ASÍ
- ☐ BSRB
- ☐ BHMR

**10. Sú staðreynd að greind svartra eða litaðra manna mælist lægri en hvítra...**

- ☐ er órækt vitni um yfirburði hvíta kynstofnsins
- ☐ skýrist helst af því að lífsskilyrði kynþáttanna eru misgóð
- ☐ segir okkur að meðfædd greind hvítra sé meiri
- ☐ ekkert ofangreint fær staðist

**11. Á Íslandi teljast menn lögráða þegar þeir eru...**

- ☐ 17 ára
- ☐ 15 ára
- ☐ 16 ára
- ☐ 18 ára
- ☐ 20 ára

**12. Hvaða hagkerfi er svo lýst: Ríkið er í aðalhlutverki, það skipuleggur og stýrir öllu efnahagslífinu. Ríkið á flestöll fyrirtækin og ákveður hvað og hversu mikið eigi að framleiða af vörum og þjónustu.**

- ☐ Markaðsbúskapur
- ☐ Kapítalískt hagkerfi
- ☐ Miðstýrður áætlunarbúskapur
- ☐ Blandað hagkerfi
- ☐ Ekkert ofantalið er rétt

**13. Beinir skattar eru...**

- ☐ Skattar innheimtir af svartri vinnu
- ☐ Skattar sem eru lagðir á yfirvinnu
- ☐ Gjöld sem lögð eru á vörur og þjónustu
- ☐ Gjöld til sveitarfélagsins
- ☐ Tekjuskattur og eignaskattur

**14. Starfsfólk fær ekki laun í verkfalli en á rétt á bótum frá;**

- ☐ fjármálaráðuneytinu
- ☐ Tryggingarstofnun ríkisins
- ☐ félagsmálastofnun sveitarfélagsins
- ☐ félagsmálaráðuneytinu
- ☐ ekkert ofantalið er rétt

**15. Ef launþegar og atvinnurekendur ná ekki samkomulagi um kaup og kjör er málinu vísað til:**

- ☐ Forseta Íslands
- ☐ Forseta hæstaréttar
- ☐ Forseta Alþingis
- ☐ Umboðsmanns Alþingis
- ☐ Sáttasemjara

**Skilgreiningar (8 x 5 %) Útskýrið eftirfarandi atriði/hugtök og notið endilega dæmi til stuðnings máli ykkar.**

**<u>Skrifið aftan á blaðið ef vantar pláss</u>**

**1. Makrórannsóknir og míkrórannsóknir:**

**2. „Hin vísindalega aðferð":**

**3. Kenning og tilgátur.**

**4. Formleg og óformleg viðmið.**

**5. Fylgni**

**6. Þjóðhverfur hugsunarháttur og afstæðishyggja:**

**7. Frummótun og síðmótun**

**8. Helstu tegundir ofbeldis:**

## III. Valspurningar (3 x 10%) Veljið og svarið 3 af eftirfarandi 5 verkefnum.

1. **Gerið grein fyrir könnunum, framkvæmd þeirra, kostum og göllum.**
2. **Skilgreinið hugtakið félagsmótun. Lýsið helstu félagsmótunaraðilunum og áhrifum hvers og eins á einstaklinginn**
3. **Hver er helsti munurinn þjóðfélagsgerð iðnvæddra og óiðnvæddra samfélaga?**
4. **Berið saman kenningar Max Weber og Karls Marx um stéttaskiptingu þjóðfélagsins.**
5. **Fjallið um helstu orsakir og afleiðingar atvinnuleysis.**

*Aukaspurningar. + 3%*

**Hvað heitir núverandi ............**

**1. Menntamálaráðherra ?**

**2. Innanríkisráðherra ?**

**3. Forsætisráðherra ?**

| |
|---|
| **1.** |
| **2.** |
| **3.** |

*Hafið það sem allra best í sumar* og takk fyrir önnina

Björgvin